

Fundargerð

Fisksjúkdómanefnd

Fundarboðandi: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundarstaður:* Teams

Fundarstjóri: Auður L. Arnþórsdóttir *Dagsetning:* 31. október 2023

Fundarritari: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundartími:* 09:00 – 9:45

Pátttakendur: Auður L. Arnþórsdóttir (f.h. Yfirdýralæknis/ formann Fisksjúkdómanefndar), Berglind Helga Bergsdóttir (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun) Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafró).

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun

Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um leyfi til að lúsameðhöndla eldislaxa í sjókvíaldi.**
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi við Eyrarhlíð í Dýrafirði: Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun samkvæmt umsókn.
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi við Haukadalsbót í Dýrafirði: Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun samkvæmt umsókn.
- Almenn umræða um stöðu lúsar á Íslandi.** Nefndin hvetur Hafrannsóknarstofnun til aukinna rannsókna á laxalús við landið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 9:45.